



Alþingi
Nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. apríl 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál

Visað er til tölvupósta frá umhverfis- og samgöngunefnd, dags. 3. apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál (styrking á stjórnsýslu og umgjörð), 758. mál, með umsagnarfresti til 26. apríl. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir samtökin) hafa yfirfarið frumvarpið og vilja af því tilefni koma nokkrum ábendingum á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd.

Samtökin benda á að Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins sendu einnig umsögn um frumvarpið þegar það var kynnt sem drög í samráðsgátt Stjórnarráðsins, sbr. umsögn samtakanna frá 14. febrúar sl. Eins og fram kemur í í athugasemdum við fyrirbyggjandi frumvarp, sbr. 5. kafli í greinargerð, var tekið tekið tillit til einstakra ábendinga samtakanna og fagna samtökin því, sér í lagi hvað varðar ábendingar samtakanna er lúta að starfsemi loftslagssjóðs s.s. hvað varðar betri skilgreiningu á starfsemi hans og skipun stjórnar. Eftir sem áður standa aðrar athugasemdir samtakanna eftir óhaggaðar og eru þær hér með ítrekaðar eftir því sem við.

Í fyrsta lagi ítreka samtökin fyrri athugasemd sína, og fram kom í umsögn í samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem lagt var til að 1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo: *Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, bindingu kolefnis úr andrúmslofti og geymslu kolefnis í jarðlögum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði. Geymsla kolefnis í jarðlögum getur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum nýst til að uppfylla skuldbindingar Íslands og á því heima í þessari málsgrein.*

Þá ítreka samtökin einnig samhliða fyrri athugasemd sem var á þá vegu að við 6. gr. laganna bættist ný 3. mgr., sem verði svohljóðandi: *Eigi síðar en í mars á hverju ári skal Umhverfisstofnun birta bráðabirgðatölur úr losunarbókhaldi nýliðins árs og lokaniðurstöður losunarbókhalds fyrir lok ársins. Það hefur skapað ákveðinn vanda hversu seint stofnunin birtir niðurstöður losunarbókhalds en flest nágrennaríki og Evrópusambandið birta niðurstöður úr bókhaldi sínu fljótlega eftir hver áramót. Æskilegt er að slíkt hið sama verði hér á landi.*

Hvað sem líður athugasemdum í 5. kafla fyrirbyggjandi greinargerðar, þar sem fram koma viðbrögð frumvarpshöfunda við framkomnum athugasemdum samtakanna, þá telja samtökin mikilvægt að tekið verði á þessum málum í lagatexta í stað stað þess að vísa þeirri vinnu áfram samhliða vinnu við endurskoðun á reglugerð nr. 520/2017 um gagnasöfnun og upplýsingagjöf stofnana vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Sama á við um þau viðbrögð frumvarpshöfunda, hvað athugasemd samtakanna um birtingu á bráðabirgðatölum varðar, að sú ábending verði skoðuð og tekin upp við Umhverfisstofnun. Eru samtökin ekki sammála þeirri skoðun frumvarpshöfunda um að ekki er talin þörf á að setja í lög ákvæði um birtingu á bráðabirgðatölum. Slík töf á birtingu upplýsinga er bagaleg en mikilvægt er jafnt fyrir almenning og atvinnulíf að slíkar upplýsingar séu birtar tímanlega.



Því eru atriði þessi hér með ítrekuð af hálfu samtakanna sem og mikilvægi þess að lögfesta framangreindar tillögur þeirra.

Í umsögn samtakanna við 759. mál gerðu samtökin grein fyrir tillögu um breytingu á ákvæðum efnalaga um álagningu dagsekta. Sú tillaga á að breyttum breytanda einnig við um frumvarpið sem hér er til umfjöllunar. Vísast til umsagnar samtakanna við 759. mál hvað þetta varðar.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka iðnaðarins

Lárus M. K. Ólafsson

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Pétur Reimarsson

F.h. Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson